

# Skíðaping 2020

haldið rafrænt 7.-8. nóvember



## ÞINGSKJAL nr. 5

### Tillaga að nýrri reglugerð um skíðagöngumót Íslands

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

## Reglugerð um Skíðagöngumót Íslands

1. Skíðagöngumót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðrar ástæður hamli.
2. Þau aðildarfélag er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn til SKÍ fyrir 15.apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins og aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Skíðagöngumót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Stjórn SKÍ skal hitta mótshaldara haustið fyrir mót, eigi síðar en 1.október. Fara skal yfir undirbúning, dagskrá og umgjörð.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið með lágmarks tveggja mánaða fyrirvara. Að öðru leyti skal fara eftir reglugerð um keppnishald SKÍ.
4. Eftirlitsmenn skulu vera skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
5. Í leikskrá og skýrslum mótsins skal tilgreina aðildarfélag sem keppandi keppir fyrir. Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarkspátttaka að vera a.m.k. þrír keppendur í viðkomandi keppnisgrein, eða þrjár sveitir í liðaspretti. Stjórn SKÍ er heimilt að gefa undanþágu frá reglunni.
6. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.
7. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

### Konur

Vegalengd	17-18 ára	19-20 ára	17 ára og eldri
5 km	H-F	H-F	H-F
10 km	H-F	H-F	H-F
1-1,5 km*			Liðasprettur
500-1500 m			Sprettganga
	Tvíkeppni	Tvíkeppni	Tvíkeppni

Vísað til:  Alpagreinaneftndar  Skíðagöngunefndar  Snjóþrettanefnd

Afgreiðsla:  Samþykkt  Felld



# Skíðaping 2020

haldið rafrænt 7.-8. nóvember

## Karlar

Vegalengd	17-18 ára	19-20 ára	17 ára og eldri
10 km	H-F	H-F	H-F
15 km	H-F	H-F	H-F
1-1,5 km*			Liðasprettur
500-1500 m			Sprettganga
	Tvíkeppni	Tvíkeppni	Tvíkeppni

\*: Tveir keppendur saman í liði og hvor fer þrjá spretti.

Keppa skal til skiptis í skíðagöngu með hefðbundinni og frjálstri aðferð

	Sprettganga	5 km kvk 10 km kk	10 km kvk 15 km kk	Liðasprettur
2019	Hefðbundin	Frjálst	Hefðbundin	Frjálst
2020	Frjálst	Hefðbundin	Frjálst	Hefðbundin
2021	Hefðbundin	Frjálst	Hefðbundin	Frjálst

Önnur gangan á Skíðagöngumóti Íslands verði ræst út með hópstarti.

Yngri flokkar				
3,5 km	13-14 ára	H-F		Piltar og stúlkur
5,0 km	15-16 ára	H-F		Piltar og stúlkur
Tvíkeppni	13-14 ára	15-16 ára		Piltar og stúlkur
800m x 1,5 km*			13-16 ára	Liðasprettur stúlkur
800m x 1,5 km*			13-16 ára	Liðasprettur piltar

- Á Skíðagöngumóti Íslands verði krýndir íslandsmeistarar í öllum flokkum sem listaðir eru upp í grein nr. 7. Veita skal verðlaun fyrir þrjú efstu sætin og skal veita bikar fyrir 1.sætið. Á mótum sem eru alþjóðleg FIS mót skal veita verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í FIS mótinu.
- Að öðru leyti gilda reglur FIS.

Vísað til:  Alpagreinaneftndar  Skíðagöngunefndar  Snjóþrettanefnd

Afgreiðsla:  Samþykkt  Felld



# Skíðaping 2020

haldið rafrænt 7.-8. nóvember

Rökstuðningur: Stjórn SKÍ telur að þessi breyting geti gert Íslandsmót í skíðagöngu stærra og flottara. Að sama skapi er einfaldara fyrir skíðagöngufélög landsins að sækja um þetta mót án þess að þurfa að taka alpagreinar með eins og mótakerfið er í dag, svipað og gert var með snjóþrettamót Íslands.

\*Verði þetta þingskjal samþykkt þarf að breyta í kjölfarið þremur reglugerðum til samræmis við þessa um Skíðamót Íslands, Unglingameistaramót Íslands og bikarkeppni í skíðagöngu.

\*\*Verði þetta þingskjal samþykkt yrði farið eftir því strax veturinn 2020-2021.

**Vísað til:**  Alpagreinanefndar  Skíðagöngunefndar  Snjóþrettanefnd

**Afgreiðsla:**  Samþykkt  Felld